

Alþingi
Erindi nr. 136/21717
komudagur 25.11.2008

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

24. nóvember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp um aukna heimild til flutnings aflamarks milli ára.

Landssamband smábátæigenda er sammála því að gera breytingar á „geymsluréttar-ákvæðum“ laga um stjórn fiskveiða.

Almennt hefur ákvæðið reynst vel en komið hafa upp aðstæður sem kalla á að það nái til fleiri aðila.


Í aðdraganda aðalfundar LS 23. og 24. október sl. var geymsluréttur ræddur á nokkrum fundum svæðisfélaga LS. Það var almenn skoðun þeirra sem afstöðu tóku að rétt væri að ákvæðið um geymslurétt milli ára næði einnig til þeirra aðila sem leigðu til sín aflamark.

Sömu sögu er að segja af umræðum í stjórn LS og aðalfundi. Aðalfundur náði hins vegar ekki að álykta um geymslurétt og vísaði því til stjórnar sem yrði falið að koma með útfærðar tillögur fyrir næsta aðalfund - 2009.

LS telur í ljósi þessa og umræðna, sem vísað hefur verið til, rétt að leggja til grundvallarbreytingu á „geymsluréttarákvæði“. Í stað þess að það nái einungis til úthlutaðs aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar þá verði miðað við samanlagt aflamark sem felur í sér samtölu af úthlutuðu aflamarki, sérstakri úthlutun, færslu milli ára og færslu milli skipa (heildarveiðiheimild). Prósentu verði óbreytt, 20%.

Útfærsla: Bátur A fær 100 tonn í aflamark og er geymsluréttur hans því 20% 20 tonn.
A leigir frá sér 40 tonn til B. Geymsluréttur A verður þá 12 tonn og B verður heimilt að færa 8 tonn milli ára.
Heildargeymsluréttur er því óbreyttur 20 tonn.

Virðingarfyllt,


Örn Pálsson framkvæmdastjóri